

**Fundur haldinn í Menningarráði Norðurlands vestra,
miðvikudaginn 27. nóvember 2013, kl. 15.00**

Á fundinn voru eftirtaldir mættir: Björg Baldursdóttir, Adolf H. Berndsen, Ragnar Smári Helgason og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi. Guðný og Bjarni boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Úttekt Capacent á framkvæmd menningarsamninga árin 2011-2013

Menningarfulltrúi fór yfir niðurstöður úttektarinnar sem í heildina er mjög jákvæð. Rætt var um leiðir til að vinna áfram með niðurstöður úttektarinnar og að hverju þurfi að gæta í þeirri vinnu sem fyrir dyrum stendur um gerð nýs menningarsamnings. Eftir nokkrar umræður var eftirfarandi ályktun samþykkt:

Ályktun um

„Úttekt á framkvæmd menningarsamninga árin 2011-2013“

Menningarráð Norðurlands vestra fagnar þeim jákvæðu niðurstöðum er fram koma í nýútkominni úttekt Capacents á menningarsamningum ríkis og sveitarfélaga. Í úttektinni kemur skýrt fram að það fyrirkomulag, að færa úthlutun menningarstyrkja heim í hérað og fela menningarráðum landshlutanna að deila þeim út, hefur tekist mjög vel. Sömu niðurstöður eru einnig í þeirri könnun sem gerð var meðal styrkhafa samhliða úttektinni.

Menningarráð telur hins vegar að það hefði, sem einn af verkkaupum, átt rétt á að sjá skýrsluna í heild sinni áður en hún var afhent ráðuneyti mennta- og menningar. Með því fyrirkomulagi hefði t.d. verið hægt að koma í veg fyrir misræmi og villur sem í skýrslunni eru.

Menningarráð Norðurlands vestra gerir eftirfarandi athugasemdir við skýrslu Capacent, frá september 2013, um úttekt á framkvæmd menningarsamninga:

Bls. 5: „Fjögur svæði starfa eftir nokkurra ára stefnu“.

Menningarstefna sveitarfélaga á Norðurlandi vestra var endurskoðuð af menningarráði árið 2011. Endurskoðuð menningarstefna var síðan send til sveitarfélaganna til umfjöllunar. Á aðalfundi menningarráðs, 26. ágúst 2011, sem fulltrúar sveitarfélaganna sitja, var endurskoðuð stefna síðan samþykkt samhljóða. Menningarráð telur sig því hafa fullnægt þessu ákvæði í samningnum.

Menningarráð óskar einnig eftir upplýsingum um það hvaða þrjú svæði það eru sem hafa unnið menningarstefnu eftir undirritun menningarsamningsins 1. apríl 2011, sbr. 2. grein menningarsamninganna, og hvar þær menningarstefnur er að finna.

Bls. 5: Matstafla

Menningarráð gerir athugasemd við niðurstöðu mats í liðnum „Menningarstarfsemi styður við ferðaþjónustu“. Menningartengd ferðaþjónusta er annar hæsti flokkurinn í styrkjum ráðsins, auk þess sem fjölmargir þættir í öðrum flokkum styðja við menningartengda ferðaþjónustu. Framlag menningarráðs til þessa málaflokks er því verulegt. Menningarráð telur því matsniðurstöðu úttektaraðila ekki rétta.

Bls. 9 : „*Að mati ráðgjafa væri mjög gott ef að allir menningarfulltrúar sem og starfsmenn menningarráða landshlutanna hefðu eina beina formlega tengingu inn í hvert sveitarfélag.*“

Óskað er eftir skýringu á því hver er munurinn á menningarfulltrúum og starfsmönnum menningarráða landshlutanna.

Bls. 9 – Prósentutafla um stjórnunarkostnað

Menningarráð gerir athugasemdir við uppsetningu þessarar töflu og telur notkun prósentureiknings í framsetningu hennar villandi. Svo sem úttektaraðilum ætti að vera kunnugt þá eru tekjur landshlutanna mjög mismunandi og því notkun prósentureiknings óraunhæf. Hér hefðu því átt að koma fram beinar rekstrartölur svo samanburður sé raunhæfur.

Bls. 10: „*Því er lagt til að ráðuneytin hafi forgöngu um gerð reiknilíkans..... Áriðandi er að þátttakendur verði upplýstir.....*“

Menningarráð mótmælir þessari tillögu og gerir kröfu um að landshlutasamtökin og ráðuneytin vinni saman að tillögu um nýtt reiknilíkan. Núverandi reiknilíkan var í upphafi einhliða sett fram af ráðuneyti mennta- og menningarmála og þrátt fyrir ítrekaðar athugasemdir og mótmæli þá hafa ekki fengist lagfæringar á því. Það ríkir því engin sátt um að ráðuneytið endurtaki þann leik.

Bls. 26: „*Það sem helst er ólíkt við framkvæmd samningsins á Vestfjörðum í samanburði við önnur svæði er það að menningarfulltrúinn forvinnur ekki umsóknir fyrir Menningarráðið til þess að geta viðhaldið algjöru hlutleysi gagnvart styrkþegum.*“

Menningarráð telur þennan samanburð mjög hæginn og tæplega í samræmi við raunveruleikann, a.m.k. ekki hvað varðar meðferð umsókna á Norðurlandi vestra.

Bls. 26: „*Annað sem er ólíkt og varðar meðferð og úthlutun menningarstyrkja er að Vestfirðingar líta á þá fjármuni sem úthlutað er til menningarsamningsins sem hreinan samkeppnissjóð.*“

Menningarráð Norðurlands vestra hafnar því algjörlega að það líti ekki á þessa fjármuni sem hreinan samkeppnissjóð. Þessi fullyrðing á því ekki rétt á sér.

Bls. 30: „*Á vinnustofunni kom fram að áætlað er að 25-30 þúsund manns hafa komið á viðburði sem Menningarráð Norðurlands vestra hefur stutt.....*“

Bent er á að þessi tala gildir aðeins fyrir árið 2010 og menningarfulltrúi var búinn að senda inn athugasemd og óska eftir því að það kæmi fram. Fullyrðingin í skýrslunni er því villandi.

Bls. 50: „*..... að svæðið þekkir ekki annað form og samanburðurinn gæti því verið við tíma þegar meiri fjármunir voru til ráðstöfunar svo dæmi sé tekið.*“

Bent skal á að þessi „skýring“ á við flesta landshlutana. Meðal annars hefur Norðurland vestra orðið fyrir tæplega þriðjungs niðurskurði frá árinu 2009 þegar fjárveiting til landshlutans var hvað hæst.

Bls. 69: Yfirlit um viðtöl

Í lista yfir viðtöl sem tekin voru á Norðurlandi vestra vantar tvö nöfn; Ingiberg Guðmundsson menningarfulltrúa og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóra SSNV. Óskað er eftir leiðréttingu á þessu í skýrslunni.

2. Styrkveitingar árið 2014

Rætt um næsta umsóknarferli. Ákveðið var að auglýsa eftir umsóknum um verkefnastyrki og stofn- og rekstrarstyrki í upphafi næsta árs með umsóknarfresti til ca. 10. feb. 2014. Þessi ákvörðun er þó tekin með fyrirvara um gerð nýs menningarsamnings við ríkisvaldið. Ákvörðun um eina eða tvær úthlutanir á næsta ári var frestað þar sem allt er óljóst um væntanlegar fjárhæðir í nýjum samningi.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 16.45.

Ingibergur Guðmundsson